



NÚVERANDI ÁSKORANIR

Mikið að gera á spítalanum og mannekla og þar sem hún er menntuð sem hjúkrunarfræðingur þá er hún oft beðin um að ganga í störf hjúkrunarfræðinganna, t.d. að taka blóð.

Fyrst fannst henni æðislegt að fá ábyrgðarmeiri verkefni og að nýta sína reynslu.

Finnur núna að henni finnst þetta ekki rétt og líklega gæti þetta orðið vinnustaðnum og henni til vandræða ef þetta kemst upp. Auk þess fær hún ekki borgað fyrir þetta auka framlag sitt eins mikið og ef hún fengi að starfa sem hjúkrunarfræðingur.

Yfirmenn hennar skráðu samt einhverja aukatíma á hana alveg fyrst en svo hefur það stundum gleymst. Hún vill ekki vera með vesen og ganga á eftir því, þar sem þetta er á gráu svæði.

MARIA

SJÚKRALIÐI

ALDUR 50

KYN Kona

ÞJÓÐERNI Króatísk

FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR Gift, menntuð sem hjúkrunarfræðingur en hefur ekki fengið það metið hérlendis.

STARF/FERILL Vinnur sem sjúkraliði á stórum spítala. Vann sem hjúkrunarfræðingur í Króatíu og hefur mikla reynslu af umönnun sjúklinga.

VIÐHORF OG TILFINNINGAR

- Henni finnst ástandið erfitt og ósanngarnt.
- Henni finnst samstarfsfólk sitt kenna henni um í stað þess að horfa til yfirmanna og þeirra ábyrgð í málinu.
- Henni finnst íslenska kerfið líka ósanngarnt þar sem hún er með menntun til að sinna starfi hjúkrunarfræðings en fær það ekki metið hjá menntakerfinu.

HVATNING

- Henni finnst gaman að vinna við umönnun og hefur alla tíð gert. Það er hennar helsta hvatning.
- Einnig er erfitt fyrir hana að fá annað starf þar sem hún er ekki talin vera með nógu góða íslenskukunnáttu og einnig virðist vera horft framhjá henni þegar hún sækir um því hún er með erlent nafn. Fær því ekki tækifæri.

VINNUAÐSTÆÐUR

- Samstarfsfólk hennar, bæði hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar hafa verið að ræða þetta á vinnustaðnum og bent henni á þetta sé ekki alveg í lagi.
- Hún upplifir smá pirring við sig en hún á erfitt með að segja nei, sérstaklega þar sem mikil mannekla er á deildinni.

Spurningar stjórnanda

- Hvernig eigum við að hætta því að fá hana til að ganga inn í verkefni hjúkrunarfræðings?
- Er þetta siðlaust af okkar hálfu?
- Er þetta ólöglegt?
- Hvernig getum við nýtt hennar þekkingu án þess að fara á bakvið kerfið?

Spurningar samstarfsfólks

- Hvað eru stjórnendur að spá með að láta hana eða leyfa henni að ganga í störf sem eru ekki í hennar starfslýsingu?
- Hvað ef eitthvað kemur upp á, ætla þau þá að standa við bakið á henni?
- Eru þau að borga henni fyrir þetta?
- Ætti ég að tilkynna þetta til stéttarfélagsins?



Spurningar einstaklingsins

- Af hverju er ekki hægt að meta námið mitt?
- Er eðlilegt að ég sinni verkefnum sem heyra ekki undir mitt starfsheiti, þó ég kunnir það vel?
- Er verið að notfæra sér mína þekkingu án þess að ég fái greitt fyrir það?
- Hvað myndi gerast ef eitthvað kæmi upp á?
- Væri ég ábyrg eða vinnustaðurinn?

Spurningar stefnumótenda

- Hvernig getum við nýtt þann góða mannafla og þekkingu sem kemur með erlendu fólki til landsins?
- Þurfum við að endurskoða matskerfi varðandi menntun frá erlendum háskólum?